

Einbeitingarleikurinn

Einbeitingarleikurinn kennir nemendum að halda sér að verki þrátt fyrir truflun. Í leiknum reynir kennari eða annar starfsmaður að trufla nemendur sem eru á sama tíma hvattir til að sinna vinnu í ákveðin tíma og hunsu alla truflun. Tíminn er smám saman lengdur og nemendum hrósað og/eða verðlaunað þegar vel gengur. Á þennan hátt geta nemendur æft sig við öruggar aðstæður og nýtt færni þegar erfiðari aðstæður koma upp. Einbeitingarleikurinn eykur líkurnar á því að nemendur geti dags daglega haldið áfram vinnu sinni þó svo að truflun sé í skólastofunni og hunsað þannig óæskilega hegðun annarra nemenda.

Helstu skref í einbeitingarleiknum eru eftirfarandi (úr bókinni *Til fyrirmyndar*):

- Gerðu töflu til að skrá tímann
- Settu markmið um fjölda mínútna (fáar til að byrja með, tími aukinn smám saman)
- Segðu nemendum að þú viljir kenna þeim að einbeita sér þrátt fyrir minniháttar truflun
- Segðu nemendum frá reglum leiksins “ég ætla að reyna að trufla ykkur en þið megið ekki líta upp, brosa eða tala fyrr en ég segi STOPP”
- Aðeins kennari eða annar starfsmaður fer í hlutverk þess sem truflar, ekki nemandi
- Notaðu skeiðklukku til að fylgjast með tímanum
- Sýndu dæmi um rétta og ranga hegðun
- Beindu athygli þína að þeim sem standa sig vel
- Skráðu tímann á töfluna

Nánar um einbeitingarleikinn og kennsluaðferðir má lesa í bókinni *Til fyrirmyndar*.